

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

16. júní 1980.

Nr. 322.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu í Hafnarfirði.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa sér til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, skulu ekki greiða fyrir veitta heimilishjálp.

Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur, skulu þeir endurgreiða að $\frac{1}{3}$ útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð.

2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir, skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálp að $\frac{1}{2}$ fyrstu 11 dagana.

Að þeim tíma liðnum, þegar almennur réttur til sjúkradagpeninga frá sjúkrasamlagi stofnast, skal viðkomandi greiða heimilishjálp að fullu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

25. júní 1980.

Nr. 323.

R E G L U G E R ð

um úthlutun olíustyrks.

1. gr.

Viðskiptaráðuneytið úthlutar fjárhæð þeirri, sem hverju sinni er varið í fjárlögum til olíustyrks, sbr. II. kafla laga nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

2. gr.

Þeir einstaklingar sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk.

Oliustyrkur skal vera kr. 20 000 á ársfjórðungi og er heimilt að breyta honum miðað við breytingu á gasolíuverði og verði annarra orkugjafa.

Oliustyrkur greiðist ekki þeim, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun. Viðkomandi orkuveita sker úr hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu.

Oliustyrkur fellur niður frá og með þeim ársfjórðungi, sem kostur er að fá orku frá ofangreindum orkuveitum.

Oliustyrkir til einstaklinga skulu greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda húsnæðis eða leigjanda, ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa, sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meiri hluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

- a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 oliustyrkir
- b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 oliustyrkir
- c) Fyrir þrjá íbúa greiðast $3\frac{1}{2}$ oliustyrkur
- d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 oliustyrkir
- e) Fyrir fimm íbúa greiðast $4\frac{1}{2}$ oliustyrkur
- f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 oliustyrkir
- g) Fyrir sjö eða fleiri greiðast $5\frac{1}{2}$ oliustyrkur.

Við framangreinda oliustyrki bætist $\frac{1}{2}$ oliustyrkur á ársfjórðungi vegna hvers lífeyrisþega, sem nýtur tekjutryggingar samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og vegna annarra lífeyrisþega, sem hafa svipaðar heildartekjur.

Greiða skal árlega einn oliustyrk á hvert olíukynditæki í íbúðarhúsnæði, sem hefur verið sóthreinsað og stillt á árinu. Greiðist styrkur þessi með fyrstu greiðslu næsta árs á eftir samkvæmt vottorði stillingarmanns og staðfestingu sveitarfélags um að stilling hafi farið fram. Heimilt er að greiða sveitarstjórn styrkinn, ef hún annast um stillingu tækja í sveitarfélaginu.

Oliustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts.

Oliustyrkur greiðist ekki fyrirtækjum og stofnunum s. s. elliheimilum og barnaheimilum og ekki vegna upphitunar sumarbústaða, sbr. þó 4. gr.

3. gr.

Oliustyrkur skal greiðast aðilum, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er vegna hitunar íbúða, sbr. 2. gr.

4. gr.

Oliustyrkur skal greiddur vegna skólahúsnæðis, sem hitað er upp með olíu. Árlegur styrkur skal nema kr. 465 á hvern rúmmetra upphitaðs húsnæðis og er heimilt að breyta honum skv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

5. gr.

Oliustyrkur skal greiddur rafveitum að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

6. gr.

Oliustyrkir skv. 2.—4. gr. skulu greiddir til sveitarfélaga ársfjórðungslega og annast þau úthlutun þeirra til viðtakenda.

Sveitarfélög skulu innan tveggja vikna frá lokum hvers ársfjórðungs gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda oliustyrkja skv. 2. og 3. gr. og rúmmetrafjölda skólahúsnæðis skv. 4. gr.

Jafnframt skulu sveitarfélög senda ráðuneytinu skilagrein um úthlutun olíu-
styrkja næsta ársfjórðung á undan. Vanræki sveitarfélög sendingu skilagreinar er
heimilt að fresta greiðslu olíustyrkja til þeirra.

Greiðsla olíustyrks til einstaklinga og annarra rétthafa skal að jafnaði hefjast
eigi síðar en 6 vikum eftir lok hvers ársfjórðungs.

7. gr.

Vegna ákvörðunar olíustyrks til rafveitna skv. 5. gr. skal orkuver og/eða raf-
veita senda Orkustofnun skýrslu innan tveggja vikna frá lokum hvers ársfjórðungs,
þar sem eftirtalin atriði komi fram.

1. Notkun olíu til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæðinu.

2. Heildarorkuframleiðsla á umræddu tímabili flokkuð eftir því hvort fram-
leitt hefur verið með olíu eða öðrum orkugjafa.

3. Verð á raforku til hitunar íbúða í desember 1979 og fyrir það tímabil sem
skýrslan á við.

Orkustofnun fer yfir og endurskoðar ofangreinda skýrslu og getur hún krafist
hvers konar tiltækra gagna og upplýsinga í þessu skyni. Orkustofnun staðfestir síðan
skýrsluna og sendir hana viðskiptaráðuneytinu sem tekur ákvörðun um styrkgreiðslu.

8. gr.

Ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd þessarar reglugerðar, svo og sér-
stakur trúnaðarmaður ráðuneytisins. Ber sveitarfélögum að láta í té öll gögn, sem
óskað er í því sambandi.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkan
hitunarkostnaðar, öðlast þegar gildi. Greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980
og síðar skulu fara eftir ákvæðum hennar. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð
nr. 219 27. maí 1977, um úthlutun olíustyrks.

Viðskiptaráðuneytið, 25. júní 1980.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.

30. júní 1980.

Nr. 324.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976

um Happraætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 2 000 kr. í hverjum
flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 24 000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happraætti
Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð
nr. 337 31. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.